

Ísland | Spánn: pælingar

Fyrir réttu ári reit undirritaður grein í Neytendablaðið um aðstæður barna og sitthvað fleira á Spáni, hafandi þá verið búsettur eina sex mánuði í landinu. Nú er liðið á annað ár og línur farnar að skýrast í stóru jafnt sem smáu. Byrjum á lífs-dropanum.

Tíu dropar úr helvíti

Frá því ég flutti til Spánar í júlí 2007 hef ég ekki fengið góðan kaffibolla. Lengi vel tamdi ég mér jákvætt hugarfar og prófaði kaffi víða um bæinn. En það var alltaf eins. Alltaf hörmung. Reyndar fékk ég mjög gott kaffi um páskana og á þriggja vikna tímabili í ágúst. Þá var ég reyndar staddur á Íslandi.



Reykingar á veitingastöðum þykja ekkert tiltökumál

Einhvers staðar verða vondir að vera

Fyrir nokkrum árum voru innleiddar tilskipanir Evrópusambandsins um bann við reykingum. Á einhvern afar sérkennilegan máta hefur veitinga- og kaffihúsabransanum tekist að sveigja þessar tilskipanir að þörfum reykingafólks. Um daginn fór ég með krakkana á einn hlekk kaffiteriukeðjunnar Rodilla. Ég áttaði mig ekki á því fyrir en ég var sestur að annar hver maður var að reykja – leitaði þá að skiltum og sá að reykingar voru leyfðar – og síðan sá ég stigaop sem vísaði niður í gluggalausan kjallara – hann var fyrir hina reyklösu. Einhvers staðar verða vondir að vera.



Úrvalið hjá Miguel er mikið og verið gott

Grænmeti og ávextir

Kanski er þetta sá póstur í innkaupum sem við eigum eftir að sakna mest: að geta ekki lengur farið til Miguels í litlu grænmetisbúðinni hjá skólanum og keypt tíu kíló af grænmeti og ávöxtum á sirka 15 evrur.

Að sitja á strák sínum

Sonurinn á heimilinu er að verða sex ára. Hann er búinn að sitja á skólabeck í á annað ár. Og þá meina ég sitja. Á meðan leikskólinn íslenski snýst mikið um hreyfingu og útivist þá eru aðrar áherslur hér. Fjögurra ára eru börnin í bekk undir stjórn kennara og það er stíf innlögn. Hann er orðinn mjög öruggur að draga til stafs og teikna allskyns form og lesturinn er að detta inn. En það er mjög lítið um frjálstan leik og fari hitinn undir 8 gráður og leiki grunur á úrkomu fara þau ekki út í frímínútur. Undanfarnar vikur hefur verið óvanalega kalt í Madrid og börnin hafa verið mikið inni og horft á vídeó. Minn maður er búinn að fá uppi í kok. Ég er handviss um að hér hafa íslenskir leikskólar vinninginn.

Íþróttir og tómstundir eftir skóla

Þetta fyrirkomulag er þrýðilegt; félögin koma til krakkanna í skólana – ekkert skutl. Í skólanum okkar, sem kenndur er við Filippus prins, er boðið upp á fótbolta, körfubolta, dans, júdó, ensku og sitthvað fleira. Það virkar þannig að skólinn er í samstarfi við íþróttafélög sem bjóða upp á tíma í skólanum að skóladeginum loknum. Þá sækir til dæmis fótboltaþjálfarinn þá sem skráðir eru í fótbolta inn í bekkina og æfingin hefst. Foreldramir koma síðan klukkutíma síðar.

Einn fullkominn hlutur

Það er langt í frá að allt sé fullkomið hér í Spánarveldi. Þó er einn sá hlutur: skóladagurinn hefst að jafnaði ekki fyrr en klukkan níu. Einn klukkutími milli vina virðist ekki mikið en munurinn á stemningunni er geysilegur. Að fara með krakkana í skólann hér á Spáni er ljúf aðgerð. Krakkarnir eru útsofnir, það er orðið hjart, margir foreldranna hafa þegar verið á fótum í tvo tíma og eru búnir að fá sér kaffi og búnir að opna fyrir litla hjartað og list bara alls ekki illa á heiminn.

Á Íslandi er þessu öðruvísi farið. Íslendingurinn opnar augun, fer í fót, treður seríosi í krakkana og er örugglega búinn að hvæsa og urra alloft áður en stokkið er ofan í vök hins iskalds dags. Allir sátir? Nei, ekki allir sátir. Íslendingurinn fer síðan í vinnuna og næsta klukkutímann drekkur hann kaffi, ornar sér við mbl.is og er farinn að þjóna upp úr hálf tíu.

Ég legg til að skóladagurinn hefjist klukkan níu. Það yrði hluti af endurskipulagningu hins Nýja-Íslands.

Og þið efasemdarfólk og þið sem þurfið virkilega að mæta til vinnu í bitíð, hér eru góðu fréttirnar: Hér hafa menn þann háttinn á að bjóða upp á vistun fyrir skóla fyrir þá sem þurfa. Allir sátir.

Bjargvætturinn Lucía

Oft hef ég blótað krökkunum í hverfinu fyrir að vera innipúkar og aldrei til taks. Ég hef líka á tilfinningunni að þeir hangi dálítið mikið í „La play“ eins og þeir kalla Playstation og tölvuleiki almennt. En burtséð frá þessu hef ég séð töluverð tilþrif í mannlegum samkiptum hjá skólafélögum krakkanna.

Börnin á heimilinu þurftu að taka á honum stóra sínum fyrstu mánuðina í nýju landi. Fyrsta skóladaginn afhentum við þau við hliðið og sáum á bak þeim inni í framandi byggingu með framandi fólki sem talaði framandi tungumál. Hér var ekkert sem hét aðlögun og að við mættum vera hjá þeim í skólastofunni fyrstu dagana eins og tíðkast oft.



Bjargvætturinn Lucia og Unnur

En það sem ég held að hafi bjargað þessu var hlýhugur krakkanna og starfsfólksins. Ein bekkjarsystir dóttur minnar, hún Lucía GómeZ, tók hana upp á sína arma og huggaði og styrkti þegar hún þurfti mest á að halda.

Skrattanum skemmt í afmæli

Spánverjar virðast líta heimilið allt öðrum augum en Íslendingar. Á Íslandi er gjarman opið hús, krakkar hlaupa inn og út hver hjá öðrum, menn halda upp á afmæli heima og bjóða vinum í mat. Á Spáni, í það minnsta í Madrid, er heimilið virki eða skjól. Krakkarnir hittast á hlutlausum svæðum og vinir fara út að borða á veitingastöðum. Það kemur því ekki á óvart að Spánverjar séu sú þjóð Evrópu sem mestu eyðir hlutfallslega í mat á veitingastöðum. Ég hef fylgt syninum í tvö afmæli á MacDonald's. Ég hélt ég yrði ekki eldri og fengi sjálfur aldrei að líta nýjan afmælisdag. Þetta var eins og að vera í vélarrúmi í skipi og engar heymarhlifur í sigtinu. Dóttirin hefur farið í afmæli í einhvers konar boltalandi, það var snöggum skárna en hálf sjúskað eitthvað. Þar kostar 12 evrur á haus að halda afmæli og inni í því eru eru tveir tímar af leik, eitthvert föður og afmælistaka. Hér er til síðs, eins og víðar, að bjóða bekknum í afmæli: 24 sinnum 12 gera 288 evrur sem telst ansi mikið, en hér er ekki óalgengt að fólk sé með 1000-1500 evrur í laun á mánuði.



Eiður Smári stendur fyrir sínu

Ísland í fjölmiðlum

Ísland hefur verið eins og rússíbani í fjölmiðlum síðasta árið. Fyrir tæpu ári birtist grein í El País eftir John Carlin þar sem því er haldið fram með töluvert sannfærandi rökum að Ísland sé besta land í heimi. Í kjölfarið fengum við mikla og jákvæða athygli. Sem nú er fyrir bí (þ.e.a.s. jákvæða athyglin).

Um daginn var einhver sem spurði mig: „Heyrðu, ert þú ekki frá Íslandi?“ Ég benti viðkomandi á að þetta væri algengur misskilningur; ég væri frá Islamabad.

Eiður Smári er þekkt stærð og nýtur virðingar fagurkera í boltanum sem skynja snilldina í minimalískum stíl meistarans. Fyrir nokkrum vikum birtist löng umfjöllun um yfirburði Eiðs á tilteknu sviði. Hann talar flest tungumál af öllum leikmönnum deildarinnar.

Að lokum

Þrátt fyrir ótryggt ástand á Íslandi er líklegt að fjölskyldan muni halda til Íslands síðsumars. Börnin tala spænsku eins og innfæddir og foreldrarnir tala spænsku eins og, tja, eins og ég veit ekki hvað. Og eru oft beðnir af börnunum að vera ekki að opna munninn alltof mikið.

Arnar Arngrímsson



Ókeypis tannlæknþjónusta

Börn 3, 6 og 12 ára gömul eiga rétt á að fara í ókeypis eftirlit hjá tannlæknum sem vinna í umboði Sjúkratrygginga Íslands. Um er að ræða skoðun, hreinsun tanna, flúormeðferð auk röntgenmyndar fyrir 12 ára börn en tannviðgerðir falla ekki undir samninginn

Nauðsynlegt er að skoðun fari fram:

- áður en þriggja ára barn nær fjögurra ára aldri
- áður en sex ára barn nær sjö ára aldri
- áður en tólf ára barn nær þrettán ára aldri.

Upplýsingar um tannlækna sem vinna í umboði Sjúkratrygginga má finna á www.tr.is undir Tannlækningar.